



## **HORNSTEINN AÐ SULTARTANGAVIRKJUN**

**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
14. maí 1999**

Virðulegir hátíðargestir.

Í árdaga aldar sem færði þjóð okkar fullveldi og sjálfstæði voru draumar oddvita og alþýðu um framfarir og farsæld bundnir virkjun fossa og fallvatna. Ægifagur hvítfyssandi krafturinn var fyrirheit um getu fátækrar þjóðar til að ná bjargálnum og réttmætum sessi meðal ríkja heims.

Skáldin fylltust innblæstri við fossa og flúðir og hin nýja framvarðarsveit atvinnulífs og þjóðmála nam tækifæri til byltingarkenndra breytinga þegar hún skynjaði hið óendanlega afl í iðrum og óbyggðum Íslands.

Landið, náttúran og orkan voru eitt – undirstaða vaxtar og velferðar um alla framtíð.

Hornsteinn og vígsla eru táknorð hátíðarstunda í þjóðarsögu, staðfesting á framförum og árangri, vegamót frá einu sóknarskeiði til annars.

Sogið og Búrfell, Sigalda og Hrauneyjafoss og önnur kennileiti hálendis, fjarða og fjalldala eru samnefnarar framkvæmdasögu sem í dag öðlast nýtt áfangaskeið.

Í skjóli jökla og eyðisanda hefur meistari sköpunarinnar í árþúsundir mótað og breytt farvegi fljóta og árkvísla, gefið lónum og vötnum nýja lögun og leikið á litbrigði gróðurs og auðnar.

Þjórsá og Þórisvatn, Kaldakvísl og Tungnaá eru merkisberar þess meistaraverks sem almættið eitt hefur á valdi sínu en við mennirnir kosið að hagræða okkur til búbóta og hagsældar.

Í þríhyrningi frá Heklu að Hofsjökli og Bárðarbungu höfum við Íslendingar á blómaskeiði lýðveldis reist orkuver sem nú með Sultartangavirkjun færir okkur í fyrsta sæti meðal þjóða heims í notkun rafmagns á hvern íbúa. Slík eru tímamótin sem hornsteinninn að hinni nýju virkjun hefur nú helgað.

Fátæk eyþjóð bænda og fiskimanna sem í upphafi aldar átti draumana eina hefur nú við aldarlok í krafti tækni, menntunar, framfaravilja og auðlegðar landsins sjálfs skipað sér frammar öllum öðrum í nýtingu þeirrar orku sem er forsenda umbyltingar í lífsháttum og atvinnulífi, umbyltingar sem gert hefur þetta aldarskeið að einstæðum tíma í sögu mannkyns.

Þegar Sultartangavirkjun tengist orkukerfi landsins alls verður engin þjóð Íslendingum fremri í þessum efnum.

Í nágrenni eru önnur orkuver sem einnig geyma sannmæli um hæfni íslensks hugvits og getu okkar til að skila árangri við erfiðar aðstæður.

Virkjanir við Sultartanga, Búrfell, Sigöldu og Hrauneyjafoss eru staðfesting á því að hægt er, þrátt fyrir ýmiss konar ágreining í upphafi og á langri leið, að ná sátt um sambúð náttúru og framkvæmda, verndunar og velsældar.

Sú öld sem bíður við sjóndeildarhring kann í þessum efnum að þróast á annan veg ef við vöndum okkur ekki við hvert fót mál undirbúnings og aðgerða.

Tíðarandinn ber okkur nýja strauma og æskufólkið sem senn mun standa í okkar sporum sækir vitund sína um þjóðerni og uppruna æ meir í hina ósnortnu veröld íslenskra óbyggða.

Draumsýn skáldanna, menningin og tungan eru ekki lengur ein um að móta sjálf sýn nýrra kynslóða né heldur svör þeirra við áleitnum spurningum um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur. Landið sjálft, yrkisefni náttúrunnar frá ómunatíð, er í æ ríkara mæli uppspretta og næring þeirrar samkenndar sem gerir okkur að þjóð; landið, tign þess og fegurð er sá þráður í vitundarvefi Íslendinga sem helst mun halda á umbrotaskeiði nýrrar tíðar – landið: hornsteinn íslensks þjóðernis.

Því mun vaxa ábyrgð og vandi allra þeirra sem á nýrri öld verða kallaðir til ákvarðana um virkjanir og mannvirki til orkuflutnings. Í húfi eru ekki aðeins undirstöður efnahags og lífskjara heldur einnig og ekki síður sáttmálinn um sambúð lands og þjóðar.

Það sem áður var efniviður skálda og meistara tungumáls og menningar – sjálft þjóðerni Íslendinga – er nú samofið vitund okkar um fegurð landsins, ásýnd þess og tign.

Farsæl friðargjörð verður því að nást um sérhverja nýja framkvæmd í orkubúskap Íslendinga. Ella er hætta búin samkennd okkar og sjálfstæðisvitund.

Megi heill og viska, gæfa og góðar gáfur fylgja öllum þeim er að slíkum verkum koma.